

Sp.

453. Tillaga til þingsályktunar

til þingsályktunar um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Einar Árnason, Jón Ólafsson, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að árlegt afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, verði lækkað niður í 15 krónur, og lækkun þessi verði látin ná til afnotagjalds fyrir árið 1936.

Greinargerð.

Gera má ráð fyrir því, að tala útvarpsnotenda verði orðin hálf tólfta þúsund um næstu áramót, og munu varla í nokkru landi jafnmargir útvarpsnotendur miðað við fólksfjölda, en aftur á móti er afnotagjaldið hér á landi miklu hærra en í öðrum nálægum löndum. Útvarpið sjálft, ásamt viðtækjaverzluninni, hefir nú nokkurn tekjuafgang, og virðist munu hafa framvegis töluverðar tekjur fram yfir gjöld, enda þótt afnotagjöldin lækkuðu alls um rúmar 30000 kr., en því mun sú lækkun nema, sem hér er gert ráð fyrir í þingsályktunartillögunni.

Það þykir vera full ástæða til að bera fram ofanritaða tillögu, því að aðaltilgangur með stofnun útvarpsins var sá, að það yrði fræðslustofnun fyrir almenning og til skemmtunar, en ekki sérstök tekjustofnun fyrir ríkissjóð. Nú er það hvorttveggja, að fátækari útvarpsnotendur til sveita og sjávar fá varla risið undir þeim kostnaði, er útvarpsnotkun leggur þeim á herðar, einkum þeir, er kaupa verða rafhlöður og hleðslu rafgeymanna, og liggur því við borð, að þeir verði að láta viðtæki sín aftur af höndum, og annað hitt, að útvarpsnotendur — að minnsta kosti margir þeirra — höfðu fulla ástæðu til þess að ætla, að lækkuð yrðu afnotagjöldin undireins og útvarpsreksturinn færi að bera sig sjálfur. Þá má og gera ráð fyrir, að með lækkun afnotagjaldsins fjölgi útvarpsnotendum örar en ella, og myndi þá tekjurýrnun sú, er af samþykkt tillögunnar leiðir, hverfa að miklu eða öllu leyti.